

FRÉTTIR

GATT-samningar varla afgreiddir fyrir áramót

ÍSLAND verður að öllum líkindum ekki meðal stofnenda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem sett verður formlega á stofn um áramótið í samræmi við nýja GATT-samninga.

Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga um að ríkisstjórnin fái heimild til að fullgilda samning um Alþjóðaviðskiptastofnunina. En fram kom á Alþingi í gær að tillagan er ekki á forgangslista ríkisstjórnarinnar um mál sem áhersla er lögð á að ljúka fyrir jólaeyfi.

Þingsályktunartillagan er til meðferðar hjá utanríkisráðgjöf þingsins og Björn Bjarnason formaður nefndarinnar segir að þótt æskilegt sé að staðfesta GATT-samninginn fyrir áramót sé það ekki nauðsynlegt.

„Ríki hafa tveggja ára frest til að gerast aðilar að samkomulaginu og nokkur ríki hafa bein-

línis lýst því yfir að þau muni ekki afgreiða þetta mál fyrir áramótið. Við höfum ekki lýst því yfir heldur hefur það hvert á móti verið vilji okkar að ljúka þessu fyrir jólin. En við höfum hins vegar sagt að við þurfum að sjá fyrst hvernig á að laga íslenska löggjöf að GATT-samningnum og það hefur ekki komið fram enn,“ sagði Björn.

Umfjöllun ríkisstjórnar ólokið

Nefnd fulltrúa fimm ráðuneyta hefur síðan í vor farið yfir íslenska innflutningslöggjöf með hliðsjón af GATT-samningnum, einkum um framkvæmd á væntanlegum milliríkjavíðskiptum með landbúnaðarvörum.

Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu og formaður nefndarinnar sagði,

að búið væri að vinna mikla undirbúningsvinnu og margt hefði skýrst. Hins vegar hefðu ríkisstjórnarflokkarnir og þeir ráðherrar, sem þyrftu að koma að málinu, ekki lokið umfjöllun um það sín á milli. Loks væri endanleg útfærsla á væntanlegum tillögum verulega umfangsmikil og flókin.

Þau ráðuneyti sem koma að málinu eru landbúnaðaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og forsætisráðuneyti. Samkvæmt nýja GATT-samningnum verður innflutningshöftum á landbúnaðarvörum breytt í tollgildi. Stjórnarflokkarnir og einstök ráðuneyti hafa ekki verið sammála um hvernig beita eigi þessum tollgildum og hvar forræði þessara mála eigi að vera í stjórnkerfinu.



Morgunblaðið/Hallgrímur Erlendsson

HALLI kom að skipinu þegar fjarði undan því í Þorlákshöfn. Engar skemmdir urðu þó á því og komst það út þegar flæddi að aftur.

Þorlákshöfn

Vikurskipið sat fast í höfninni

Þorlákshöfn. Morgunblaðið.

VIKURSKIPIÐ Zafrino frá Möltu sem varð að forða úr höfninni í Þorlákshöfn á laugardagsmorgun vegna veðurs sat fast í botni í sex klukkustundir í gær.

Þessi ferð Zafrino gekk ekki alveg þrautalaust. Landfestar skipsins voru farnar að slitna eftir gífurlegt hvassviðri aðfaranótt laugardags. Af þeim sökum var farið með skipið úr höfninni og hélt það sjó úti á leirnum. Ekki tókst þó að loka öllum lestarlögum.

Um miðjan dag á sunnudag var farið að lægja og skipið því tekið inn til hafnar til að klára að lesta. Ekki tókst betur til en svo að siglt var á bryggjuna en skemmdir urðu þó ekki teljandi.

Þegar búið var að ferma skipið um áttaleytið í gærmorgun kom í ljós bilun og fresta varð brottför. Það varð til þess að skipið komst ekki út á flóðinu og tafðist um sex klukkustundir. Skipið sat fast í fjörubotninum á meðan.

Rafmagnstruflanir víða á Vestfjörðum

TÖLUVERÐAR rafmagnstruflanir urðu á Vestfjörðum og Vesturlandi um helgina. Nokkrir bæir á Ströndum voru rafmagnslausir í tvo sólarhringa. Þorsteinn Sigfússon, umdæmisstjóri Orkubús Vestfjarða á Hólmavík, sagði að nýir jarðstrengir sem lagðir hafa verið á síðustu tveimur árum hefðu komið í veg fyrir enn meiri rafmagnstruflanir.

Rafmagnslínur tóku að bila um hádegisbil sl. laugardag í Reykhólasveit og á Ströndum. Rafmagn var komið á í Reykhólasveit með bráðabirgðatengingu, en fullnaðarviðgerð

bíður. Í gær var enn rafmagnslaus í Árneshreppi og Bjarnarfirði, en viðgerð var að mestu lokið undir kvöld. Rafmagnstruflanir urðu á Hólmavík og bæjum sunnan við á sunnudag og voru díselvélar keyrðar meðan verið var að gera við bilanir.

Þorsteinn sagði að vandræðin hefðu aðallega stafað af því að línur slitnuðu vegna ísingar. Minna hefði verið um staurabrot, en þó hefðu 10 staurar brotnað í Reykhólasveit. Aðstæður til viðgerða voru mjög slæmar um helgina vegna veðurs.

Sjúkraliðadeilan

Ríkið ítrekar tilboð sitt

SAMNINGANEFND ríkisins ítrekaði í gær tilboð sitt um gerðardóm og kjarasamning við Sjúkraliðafélagið til áramóta.

„Við eru í þessu tilboði búnir að taka inn í samningstextann það sem við höfum samþykkt af sérkröfum, sem hefur komið út úr viðræðum undanfarna daga. Við ítrekum þá tillögu sem við lögðum fram 9. desember og viljum með því fá afgerandi svar við því hvort sjúkraliðar geta fallist á þetta,“ sagði Þorsteinn Geirsson, formaður samninganefndar ríkisins.

Tillagan gerir ráð fyrir 3-4% launahækkun og að kjarasamningurinn gildi til næstu áramóta. Jafnframt er tekið á ýmsum sérkröfum sjúkraliða um launaflokkaröðun, menntamál sjúkraliða og um launamál sjúkraliða sem starfa á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

Ekki tókst að ná tali af forsvarsmanni sjúkraliða í gærkvöldi.

Tillaga R-listans við gerð fjárhagsáætlunar

Arður af borgarfyrirtækjum verði 1,5 milljarðar

Gjaldskrár veitustofnana hækki ekki

GERT ER ráð fyrir að arður af fyrirtækjum borgarinnar verði 1,5 milljarðar árið 1995 samkvæmt tillögu R-lista, sem kynnt hefur verið í borgarráði. Að sögn borgarstjóra er lagt til að arður af borgarfyrirtækjum verði 4,2%, arður af eignarhlut Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Landsvirkjun verði 3,2% og arður af Hitaveitu Reykjavíkur verði 5,5%. Á síðasta ári var arðgreiðsla veitustofnana 3% og 4% af öðrum fyrirtækjum borgarinnar.

Ingibjörg Sólrún, Gísladóttir borgarstjóri sagði að endanleg afstaða til hækkananna yrði tekin þegar fjárhagsáætlun borgarinnar yrði lögð fram. „Þetta eru okkar

hugmyndir um arðgreiðslur,“ sagði Ingibjörg. „Eftir að hafa farið í gegnum fyrirtækin teljum við að þau geti þetta án þess að hækka gjaldskrár sínar. Þetta eru fyrirtæki sem eru yfirleitt vel stæð. Skulda lítið og eru ekki í miklum framkvæmdum. Öðru máli gegnir um borgarsjóð og þar sem við eigum þessi fyrirtæki teljum við eðlilegt að þau leggi sitt af mörkum við þessar aðstæður.“ Í tillögunni er miðað við hlutfall af endurmetinni eign fyrirtækjanna.

Stöndug fyrirtæki

Borgarstjóri sagði að fyrirtæki eins og Rafmagnsveitan, Vatns-

veitan og Hitaveitan væru mjög stöndug. Þau væru ágætlega rekin en oft mætti gera betur. Ingibjörg benti á að til þessa hefðu þau ekki verið í sérstakri þörf fyrir að spara og sjálfsagt væri að kanna á næsta ári hvort ekki mætti spara og hagræða í rekstri.

Ingibjörg sagði að horft hefði verið til ríkisins og þá meðal annars til Pósts og síma, sem greiðir 7% á ári í arð til ríkissjóðs. „Við teljum þetta því ekki nema eðlilegt en síðan verður að taka sjálfstæða afstöðu til þess eftir ár hvort greiðslur verði áfram með sama hætti,“ sagði hún.



Framsóknarmenn á Vestfjörðum

Pétur tekur ekki 2. sæti

PÉTUR Bjarnason ætlar ekki að taka 2. sætið á framboðslista Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi fyrir kosningarnar í vor. Hann útilokar ekki sérframboð undir merkjum flokksins.

Pétur Bjarnason, sem er fyrsti varapingmaður framsóknarmanna á Vestfjörðum, lenti í 2. sæti í prófkjöri flokksins fyrir skömmu en Gunnlaugur M. Sigmundsson fékk 1. sætið.

Pétur sagði við Morgunblaðið, að sér þætti ekki eðlilegt að Vestfirðingar leiti til Reykjavíkur eftir þingmönnum og með því að taka 2. sæti á framboðslistanum væri hann í raun að taka undir þau sjónarmið að slíkt væri réttlætjanlegt. Gunnlaugur er Reykavíkvingur en Pétur býr á Ísafirði.

Engar hótanir

Talsverð umræða hefur verið meðal framsóknarmanna á Vestfjörðum að efna til sérframboðs undir merkjum flokksins með Pétur sem oddvita. Pétur sagði aðspurður að ekkert væri ákveðið í því efni og hann sagði að í ákvörðun sinni nú fælst engar hótanir um sérframboð. „Það hefur verið mikill áhugi fyrir einhverju slíku, en hins vegar verður maður að meta hvort slíkt er sagt í hita augnablikksins eða hvort sá áhugi endist. Það verður að koma í ljós,“ sagði hann.

Breytingartil-laga við fjárlög

15,3 milljónir í heiðurslaun listamanna

SAMKVÆMT tillögu nfu þingmanna úr öllum flokkum á Alþingi munu heiðurslaun listamanna árið 1995 nema 15,3 milljónum króna og skiptast á 17 einstaklinga. Hver þeirra hlýtur 900 þúsund krónur.

Á þessu ári var 14 milljónum króna varið til heiðurslauna 16 listamanna. Komu 875 þúsund krónur í hlut hvers þeirra. Tveir listamenn í heiðursflokki létust á árinu, þau Jakobína Sigurðardóttir og Stefán Íslandi. Nú koma ný inn á listann Ásgerður Búadóttir, Helgi Skúlason og Stefán Hörður Grímsson.

Samkvæmt tillögunni hljóta eftirfarandi listamenn heiðurslaun Alþingis á næsta ári: Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Halldór Laxness, Hannes Pétursson, Helgi Skúlason, Indriði G. Þorsteinsson, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jónn Viðar, Kristján Davíðsson, María Markan, Matthías Johannessen, Sigfús Halldórsson, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson.